

Ár 2019, miðvikudaginn 29. maí, er í Félagsdómi í málinu nr. 8/2018

Sjúkraliðafélag Íslands
(*Einar Hugí Bjarnason lögmaður*)
gegn
íslenska ríkinu
(*Soffía Jónsdóttir lögmaður*)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta var dómtekið 7. maí sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Sonja María Hreiðarsdóttir og Sonja H. Berndsen.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands, Grensásvegi 16 í Reykjavík.

Stefndi er fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, Arnarhvoli í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Þess er aðallega krafist að viðurkennt verði með dómi að félagsmenn stefnanda, sem störfuðu hjá íslenska ríkinu á tímabilinu nóvember 2013 til og með nóvember 2016, hafi átt rétt á 2,5% launahækkun í stað 1,3% launahækkunar á grundvelli c-liðar 2. gr. Rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðarins, dagsettu 27. október 2015.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að félagsmenn stefnanda, sem störfuðu hjá íslenska ríkinu á tímabilinu nóvember 2013 til og með nóvember 2016, hafi átt rétt á 2% launahækkun í stað 1,3% launahækkunar á grundvelli c-liðar 2. gr. rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðarins, dagsettu 27. október 2015.

Til þrautavara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að félagsmenn stefnanda, sem störfuðu hjá íslenska ríkinu á tímabilinu nóvember 2013 til og með nóvember 2016, hafi átt rétt á frekari leiðréttingu launa sinna umfram þau 1,3% sem þegar hafi verið leiðrétt á grundvelli c-liðar 2. gr. rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðarins, dagsettu 27. október 2015.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefndi krafðist þess í fyrstu að málinu yrði vísað frá Félagsdómi. Með úrskurði dómsins 21. febrúar sl. var þeirri kröfu hafnað. Úrskurðurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands 21. mars sl.

Málavextir

Hinn 27. október 2015 rituðu fulltrúar Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtaka atvinnulífsins (SA), fjármálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir samkomulag sem ber yfirskriftina Rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðar. Í upphafsorðum samkomulagsins kemur fram að með því sé lagður grunnur að meiri sátt á vinnumarkaði með breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga. Markmiðið sé að auka kaupmátt við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægra vaxtastigs. Í rammasamkomulaginu er fjallað um stofnun þjóðhagsráðs, mótun sameiginlegrar launastefnu til ársloka 2018, drög að útlínum nýs samningslíkans og samspil aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

Annar töluliður rammasamkomulagsins fjallar um sameiginlega launastefnu til ársloka 2018. Stefnunni er lýst í sex stafliðum frá a til f. Í c-lið 2. töluliðar segir að opinberum starfsmönnum, sem séu eða gerist aðilar að samkomulagi þessu, verði „á næstu þremur árum tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinberum vinnumarkaði (launaskriðstrygging)“. Kemur þar fram að horft verði til „launaþróunar þeirra hópa á opinberum vinnumarkaði sem skilgreindir eru í skýrslunni „í aðdraganda kjarasamninga 2015 (kafla 3.2) í þessu samhengi“. Þá segir í stafliðnum að launaskriðstrygging verði metin og framkvæmd miðað við árslok ár hvert og taki ekki gildi fyrr en þremur nánar tilgreindum skilyrðum, sem rakin eru í i- til iii-lið c-liðar, væri fullnægt. Í d-lið 2. greinar kemur síðan fram að þegar skilyrði c-liðar væru uppfyllt yrðu „öll forsenduákvæði er lúta að launastefnu, þ.m.t. tenging við launaþróun annarra hópa og kaupmáttarviðmiðun felld út“. Í niðurlagi stafliðarins segir að þeir aðilar sem eigi „ósamið á tímabilinu“ skuli setja inn „forsenduákvæði með vísan í lið 2. c.-iii“.

Degi síðar, 28. október 2015, var undirritað samkomulag milli stefnanda og stefnda um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila til 31. mars 2019. Í 6. gr. samkomulagsins segir í 3. mgr.: „Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.“ Ágreiningslaust er að þetta samkomulag 28. október 2015 um framlengingu gildandi kjarasamnings aðila var samþykkt af beggja hálfu.

Sömu aðilar og stóðu að rammasamkomulaginu 27. október 2015 undirrituðu samþykkt 21. desember 2017 sem ber yfirskriftina Útfærsla launaþróunartryggingar samkvæmt rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Þar er vísað til launaskriðstryggingar rammasamkomulagsins og ákvæðum þess er lútu að henni lýst. Í samþykktinni kemur fram að

árlega skuli bera saman launaþróun fjögurra hópa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum, við launaþróun félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Því næst er samanburðinum milli launaþróunar viðkomandi hópa lýst með eftirfarandi orðum:

Við samanburðinn er litið til breytinga á launakostnaði og tekið mið af launabreytingum og öðrum launakostnaðarbreytingum, þ.m.t. breytingum á lífeyrisréttindum. Viðfangsefnið snýst um að leggja mat á launaþróun félagsmanna aðildarfélaga ASÍ á almennum vinnumarkaði, samkvæmt mati Hagstofu Íslands, að viðbættri annarri umsaminni hækkun launakostnaðar, s.s. vegna iðgjalda í lífeyrissjóði eða annars starfsmannakostnaðar. Niðurstaðan fyrir almenna vinnumarkaðinn er síðan borin saman við sambærilega þróun framangreindra fjögurra hópa opinberra starfsmanna. Verði hún í óhag einhvers hinna fjögurra hópa sem um ræðir skulu starfsmenn í þeim hópi fá launahækkanir til að jafna muninn, en verði hún þeim í hag skal jafna það við næstu ákvarðanir.

Í samþykktinni er því næst gerð grein fyrir niðurstöðum samanburðar á launaþróun framangreindra fjögurra hópa starfsmanna hins opinbera við launaþróun félagsmanna aðildarfélaga ASÍ á árunum 2013 til 2016. Samkvæmt þessum samanburði var þróunin starfsmönnum aðildarfélaga BSRB í óhag um 1,3%.

Í öðrum tölulið samþykktarinnar er fjallað um áhrif launaþróunartryggingarinnar á „frekari hækkanir“. Í b-lið þessa liðar segir orðrétt: „Samningsaðilar skulu útfæra sín á milli hvernig launaauki sem kann að koma til vegna launaskriðstryggingar verði ráðstafað.“

Meðal málsgagna er fundargerð stjórnar BSRB vegna fundar 2. febrúar 2018 þar sem útfærsla á 1,3% hækkun launa var rædd. Þar segir að á stjórnarfundinum hafi komið fram að launaþróun félaga innan BSRB hafi verið ólík á umræddu tímabili. Ekki hafi náðst samkomulag um útteilingu launaskriðstryggingarinnar samkvæmt þeirri hugmynd að „1,3% færi jafnt á öll félögin“. Því hafi niðurstaðan orðið sú að fela þeim aðildarfélögum BSRB sem semdu við ríkið að „ganga frá hækkunum við kjara- og mannauðssvið fjármálaráðuneytisins í samræmi við samkomulag sem aðilar að rammasamkomulaginu undirrituðu 21. desember 2017“. Vísað var orðrétt til b-liðar 2. töluliðar þeirrar samþykktar og tekið fram að í samræmi við „þetta munu þau félög sem eiga inni launaskrið fyrir tímabilið ná samkomulagi við ríkið um útfærslu á því“.

Fulltrúar stefnanda, sem er eitt aðildarfélaga BSRB, áttu fund með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins 6. febrúar 2018. Þar mun framangreind niðurstaða stjórnar BSRB hafa verið kynnt. Í greinargerð stefnda segir að á fundinum hafi stefnandi farið fram á að ráðuneytið samþykkti útfærslu launaskriðstryggingar með hliðsjón af launaþróun einstakra félaga innan BSRB. Hafi þar verið vísað til útreikninga Gunnars Gunnarssonar hagfræðings sem hafi metið launaskrið félagsmanna stefnanda minna en launaskrið félagsmanna BSRB í heild. Í stefnu er

Því haldið fram að fulltrúar ráðuneytisins hafi gert grein fyrir því að þeir teldu sig ekki hafa umboð til þess að semja við stefnanda á grundvelli kröfugerðar félagsins.

Meðal málsgagna eru útreikningar, dagsettir 1. febrúar 2018, unnir af Gunnari Gunnarssyni hagfræðingi, en til þeirra er vísað í bréfi stefnanda 6. sama mánaðar. Þar er launaþróun einstakra aðildarfélaga BSRB borin saman. Taflan er svohljóðandi:

Gróft reiknuð lágmarkshækkun umfram
núverandi meðaltal BSRB 0,90%

	stg	% ¹	Hækkun á töflu	Umfram núverandi meðalta	Umfram núverandi meðaltal allir jafnt (BSRB)
LSS	29,0	-7,0%		6,9%	8,2%
TFÍ	112,0	-4,0%		3,9%	5,2%
FOSS	41,6	-2,2%		2,1%	3,4%
SFR	2.649,9	-0,6%	0,3%	0,9%	1,9%
SRVK	39,4	-0,1%	0,8%	0,9%	1,4%
BSRB	4.830,5	0,0%			
KJÖLUR	157,1	0,3%	1,2%	0,9%	1,0%
SLFÍ	760,5	1,2%	2,1%	0,9%	0,1%
LL	655,8	3,2%	4,1%	0,9%	-1,9%

¹ Hagstofuútreikningur

Í málinu liggur fyrir bréf stefnanda til kjara- og mannauðsskrifstofu fjármálaráðuneytisins 27. febrúar 2018. Þar kemur fram sú afstaða stefnanda að meðaltalsgreiðsla er nemi 1,3% til allra félaga í stéttarfélögum sem aðild eigi að BSRB væri ekki í samræmi við rammasamkomulag um launaskriðstrygginguna. Í svarbréfi ráðuneytisins 1. mars 2018 er því haldið fram að rammasamkomulagið byggi á því að allir í sama hópi eigi að fá sömu hækkun. Geti ráðuneytið ekki „ákveðið einhliða að útfæra niðurstöðuna á þann hátt að einstök stéttarfélög eigi að fá mismunandi hlutfall út frá mati hvers og eins félags á því hver launaþróun þess hafi verið út frá forsendum sem ekki hefur náðst samstaða um að beita.“ Væri slík útfærsla í ósamræmi við orðalag og tilgang rammasamkomulagsins.

Ekki liggur annað fyrir en að launaskriðstrygging hafi verið greidd til starfsmanna stefnda sem eru félagsmenn í aðildarfélögum BSRB í samræmi við afstöðu ráðuneytisins.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst leggja málið fyrir Félagsdóm samkvæmt heimild í 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því að sú meðaltalsaðferð sem beitt var við útdeilingu launaskriðstryggingarinnar feli í sér mismunun og sé í ósamræmi við orðalag og tilgang rammksamkomulagsins sem og SALEK-samkomulagsins. Vísar hann til þess að óumdeilt sé að launaskriðstryggingin hafi tekið gildi, enda hafi skilyrði liða i til iii í grein 2.c í rammksamkomulaginu verið fullnægt og launaskriðstryggingin verið innt af hendi.

Framangreindu til stuðnings vísar stefnandi til þess að ekkert í lið 2.c í rammksamkomulaginu eða í öðrum ákvæðum þess samkomulags gefi til kynna að þrengja hafi átt að þeim réttindum opinberra starfsmanna sem þar sé kveðið á um svo sem með því að miða við meðaltalslaunaþróun innan aðildarfélaga BSRB eða með öðrum hætti. Þvert á móti sé opinberum starfsmönnum tryggður mismunur á launaskriði á almenna vinnumarkaðinum umfram launaskrið á opinbera vinnumarkaðinum og þau réttindi bundin þeim einu skilyrðum sem fram komi í liðum i til iii og óumdeilt sé að hafi verið mætt.

Hvergi í rammksamkomulaginu sjálfu sé vikið að því hvernig reikna skuli launaskriðstrygginguna út en niðurstöður hennar fyrir tímabilið séu reiknaðar út í útfærslu launaþróunartryggingar, dagsettri 21. desember 2017, þar sem launaskriðsmunurinn á almenna markaðinum og þeim opinbera miðað við ákveðið mælt meðaltal hjá ríkinu er sagt 1,3%.

Að mati stefnanda felist ekki í útfærslu launaþróunartryggingar að félagsmenn stefnanda hafi eingöngu átt rétt til 1,3% launahækkunar, enda sé það í andstöðu við orðalag liðar 2.c í rammksamkomulaginu. Útreikningar þar séu meðaltalstölur sem settar séu fram til viðmiðunar, en samningsaðilar eigi að útfæra sín á milli hvernig launaauki, sem kunni að koma til vegna launaskriðstryggingar, verði ráðstafað, eins og sérstaklega sé tekið fram í lið 2.b í útfærslu launaþróunartryggingar.

Stefnandi kveður einu réttu aðferðina við útfærslu og ráðstöfun launaskriðstryggingarinnar sé að miða við raunverulega þróun aðildarfélaga BSRB á viðmiðunartímabilinu og bera hana saman við launaskrið á almennum vinnumarkaði á sama tíma. Komi í ljós að laun á almenna vinnumarkaðnum hafi verið umfram launaskrið félagsmanna viðkomandi aðildarfélags séu launin leiðrétt.

Stefnandi kveður aðra niðurstöðu fela í sér mismunun og að hún sé í raun í andstöðu við tilgang greinar 2.c í rammksamkomulaginu. Eins og tekið sé fram í útfærslu launaþróunartryggingar sé tilgangur greinarinnar að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn sitji eftir í almennri launaþróun á samningstímanum og geri kröfur um leiðréttingu við næstu samningsgerð af þeirri ástæðu.

Í þessu sambandi bendir stefnandi á að meðaltalsaðferðafræðin feli það í sér að sum stéttarfélög innan BSRB, sem hafi í raun lækkað meðaltalsútreikning á launaskriðstryggingunni, fengju hærri launahækkun á tímabilinu en þau hafi átt rétt á samkvæmt rammksamkomulaginu en önnur fengju lægri hækkun. Sem dæmi um þetta fái Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) samkvæmt meðaltalsaðferðinni 1,3% launahækkun þrátt fyrir að félagsmenn þess stéttarfélags hafi verið 7% yfir

meðaltalslaunum aðildarféлага BSRB og töluvert langt yfir meðaltalslaunum á almenna vinnumarkaðinum. Félagsmenn í Landssambandi lögreglumanna fá einnig aðeins 1,3% launahækkun þótt félagsmenn þess stéttarfélags hafi verið 3,2% undir meðaltalslaunum aðildarféлага BSRB og 4,6% undir meðaltalslaunum á almenna vinnumarkaðinum.

Af þessum dæmum telur stefnandi að ráða megi að meðaltalsaðferðin fari beinlínis gegn yfirlýstu markmiði rammisamkomulagsins og leiði til þess að ákveðin aðildarfélög innan BSRB sitji eftir í launaþróun sem geri það að verkum að hið svokallaða „höfrungahlaup“ fari af stað. Tilgangur rammisamkomulagsins og SALEK-samkomulagsins hafi einmitt verið að stöðva höfrungahlaupið og lágmarka launabil á milli einstakra stéttarféлага. Meðaltalsaðferðin, sem stefndi beiti við útdeilingu launaskriðstryggingarinnar, geri hið gagnstæða, þ.e. auki launabilið með tilheyrandi endapunktsvandamálum. Stefnandi vísar þessu til nánari stuðnings til umfjöllunar um kröfugerð sína.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á nýjum útreikningum Gunnars Gunnarssonar hagfræðings sem lagðir hafa verið fram í málinu. Þeir útreikningar byggist meðal annars á gögnum sem aflað hafi verið frá Hagstofu Íslands.

Til stuðnings aðalkröfu sinni bendir stefnandi á að samkvæmt framangreindum útreikningum hagfræðingsins hafi launaþróun ríkisstarfsmanna stefnanda verið 2,5% undir launaþróun félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði á tímabilinu nóvember 2013 til nóvember 2016. Nánar tiltekið hafi meðaltalshækkun launavísitölu félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði á nefndu tímabili verið 129,4 stig en hækkun félagsmanna stefnanda verið 126,2 stig.

Stefnandi byggir á því að þessi aðferðafræði við útfærslu launaskriðstryggingarinnar sé í samræmi við skýrt orðalag rammisamkomulagsins. Þá leiði þessi aðferð til þeirrar niðurstöðu að aðildarfélög BSRB sitji við sama borð, þ.e. launavísitala þeirra aðildarféлага sem hafi verið undir meðaltalshækkun launavísitölu félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði á tímabilinu (129,4) fái leiðréttingu til samræmis við þessa hækkun en þau aðildarfélög BSRB sem hafi verið yfir meðaltalinu fái eðli máls samkvæmt enga leiðréttingu.

Stefnandi kveður þær forsendur sem liggi að baki aðalkröfunni leiða til mun sanngjarnari niðurstöðu en sú meðaltalsleið sem farin hafi verið, þ.e. 1,3% á öll aðildarfélögin, enda sé sú aðferðafræði í raun í andstöðu við tilgang launaskriðstryggingarinnar og feli í sér grófa mismunun milli félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði á tímabilinu. Þá feli sú útfærsla sem birtist í aðalkröfunni einnig í sér að spönnunin á launhækkunum milli stéttarfélaganna sé minni en samkvæmt meðaltalsaðferðarfræðinni, þ.e. 7,9% í stað 11,3%. Aðalkrafan sé því í samræmi við þann tilgang launaskriðstryggingarinnar að koma í veg fyrir hið svonefnda „höfrungahlaup“ á vinnumarkaði.

Varakröfu sína kveður stefnandi byggja á þeirri aðferðafræði að útfæra launaskriðstrygginguna með þeim hætti að miða við raunverulegt launaskrið aðildarféлага BSRB á tímabilinu og leiðrétta laun þeirra félagsmanna innan BSRB sem hafi verið undir

meðaltalshækkun launavísitölu félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði þannig að þau séu sem næst 129,4 stigum, þ.e. 128,7 stig. Þannig fái félagsmenn stefnanda 2% hækkun, félagsmenn Landssambands lögreglumanna 4%, félagsmenn SFR 0,2% o.sfrv. Þau aðildarfélag sem hafi verið með launaskrið yfir 129,4 stigum að meðalatali á tímabilinu fái enga leiðréttingu.

Þessi aðferð sem birtist í varakröfunni sé á allan hátt sanngjarnari en sú meðaltalsleið sem farin hafi verið, enda sé með henni ekki verið að hækka laun félagsmanna aðildarfélaga BSRB sem hafi verið yfir meðaltalshækkun launavísitölu félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Varakrafan feli það enn fremur í sér að launaskrið aðildarfélaga ASÍ og BSRB verði það sama auk þess sem kostnaður ríkisins sé sá sami, þ.e. 1,3%. Þessi 1,3% skiptist svo á sanngjarnari hátt þannig að það aðildarfélag BSRB sem hafi verið fjærst ASÍ meðaltalinu fái mest, þ.e. Landssamband lögreglumanna 4%, SFR verið réttu undir og fái 0,2% en FOSS stéttarfélag, Tollvarðafélag Íslands og Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna fái ekki hækkun enda yfir meðaltali ASÍ. Spönnunin á launahækkunum milli stéttarfélaganna samkvæmt varakröfunni sé einnig minni en samkvæmt meðaltalsaðferðarfræðinni, þ.e. 8,6% í stað 11,3%.

Þrautavarakröfu sína kveður stefnandi að sett sé fram sem öryggisventill ef svo fari að ekki verði fallist á útreikninga stefnanda fyrir aðal- eða varakröfu en engu að síður að félagsmenn stefnanda eigi rétt á frekari leiðréttingu launa á nefndu tímabili en þau 1,3% sem þegar hafi verið leiðrétt. Að baki henni búi sömu málástæður og að baki þeim kröfum.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991. Krefst hann þess að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að stefnandi hafi ekki frádráttarrétt á móti virðisaukaskatti vegna lögmannskostnaðar.

Málástæður og lagarök stefnda

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því að það sé hvorki á forræði stefnanda að túlka inntak rammasamkomulagsins né vilja samningsaðila með öðrum hætti en skýrt sé mælt fyrir um í texta samkomulagsins. Því síður sé það á forræði stefnanda að túlka útfærslu rammasamkomulagsins frá 21. desember 2017. Stefndi telur að stefnandi sé ekki réttur aðili að málsókn þessari. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, leiði aðildarskortur til sýknu.

Að mati stefnda séu dómkröfur stefnanda um launaleiðréttingu til félagsmanna sinna um allt að 2,5% í stað 1,3% ótækar, enda séu þær grundvallaðar á allt öðrum útreikningsaðferðum en þeim sem tilgreindar séu í útfærslu samningsaðila rammasamkomulagsins 21. desember 2017. Einhliða útfærsla stefnanda án samráðs við samningsaðila breyti engu í þessum efnun.

Niðurstaða útfærslu launaþróunartryggingar frá 21. desember 2017 sé unnin af samningsaðilum rammasamkomulagsins frá 27. október 2015. Þeir hafi forræði á efni samkomulagsins og séu gerkunnugir eigin forsendum sem hafðar hafi verið í huga við gerð

þess. Þeir hafi komið sér saman um hvaða aðferðum eigi að beita við útreikning og mat á launaþróun þeirra fjögurra hópa sem eigi aðild að samkomulaginu. Það sé ekki annarra að breyta þeim forsendum.

Hvergi í rammasamkomulaginu eða í útfærslunni sé mælt fyrir um að bera skuli einstök aðildarfélag innan hvers hóps saman við einn hóp félagsmanna ASÍ á almennum markaði. Þvert á móti segi í forsendukafla útfærslu launaþróunartryggingar rammasamkomulagsins að bera skuli saman launaþróun fjögurra hópa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum við launaþróun félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Síðar í útfærslunni segi að niðurstaða almenna vinnumarkaðarins sé síðan borin saman við sambærilega þróun „framangreindra fjögurra hópa opinberra starfsmanna“. Verði hún í óhag „einhvers hinna fjögurra hópa“ sem um ræði „skuli starfsmenn í þeim hópi fá launahækkanir til að jafna muninn“.

Þegar litið sé til bókunar 1 með kjarasamningi stefnanda og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd stefnda frá 28. október 2015 megi ráða að kjarasamningurinn hafi verið gerður undir þeim formerkjum og á þeim forsendum sem fram komi í rammasamkomulaginu sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu samþykkt daginn áður en kjarasamningurinn hafi verið undirritaður. Samningsforsendur í 6. gr. kjarasamningsins beri það einnig með sér að rammasamkomulagið hafi verið lagt til grundvallar við kjarasamningsgerðina og að BSRB hafi verið falið að taka upp viðræður við fjármála- og efnahagsráðherra um nánari útfærslu á rammasamkomulaginu, ekki stefnanda. Öndverðum málsástæðum stefnanda sé mótmælt sem röngum.

Í b-lið 2. gr. útfærslu launaþróunartryggingarinnar sé síðan mælt fyrir um að samningsaðilar skuli útfæra sín á milli hvernig ráðstafa eigi launaauka sem kunni að koma til vegna launaskriðstryggingarinnar. Þar sem samningsaðilar kjarasamninga á grundvelli laga nr. 94/1986 eigi ekki beina aðkomu að þessu samkomulagi sé hér átt við samningsaðila rammasamkomulagsins. Af ákvæðinu leiði að það sé þessara samningsaðila, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, að komast að samkomulagi um nánari útfærslu á launaþróunartryggingunni.

Stefndi telur að BSRB hafi ótvírætt umboð til að skuldbinda aðildarfélag sín um nánari útfærslu á launaþróunartryggingunni samkvæmt rammasamkomulaginu. Þar sem ekki hafi legið fyrir skýrt samkomulag milli samningsaðila um aðra útfærslu en tilgreind hafi verið í rammasamkomulaginu hafi stefnda borið að greiða félagsmönnum BSRB sem starfi hjá ríki í samræmi við niðurstöðukafla útfærslu launaþróunartryggingarinnar. Þótt stefnandi, sem aðildarfélag innan BSRB, hafi ráðist upp á sitt einsdæmi í útreikninga, sem byggðir séu á öðrum forsendum, með öðrum aðferðum og þar með komist að annarri niðurstöðu, geti þeir útreikningar ekki breytt skýrum vilja samningsaðila rammasamkomulagsins og skuldbindingargildi þess fyrir þá aðila sem að því standi.

Engu samkomulagi sé til að dreifa milli BSRB og fjármála- og efnahagsráðherra um aðra útfærslu á launaskriðstryggingunni. Bókanir stefnanda við stjórnarfund BSRB nr. 1182 eða

fundargerð frá stjórnarfundum BSRB nr. 1181, geti engu breytt. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi kveðst vísa til áðurgreindra laga er varði kröfur stefnda. Krafa um málskostnað sé reist á 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Aðila greinir á um hvort félagsmenn stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands, eigi á grundvelli c-liðar 2. gr. Rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðarins 27. október 2015 rétt á því að laun þeirra hækki meira en um 1,3% á tímabilinu frá nóvember 2013 til og með nóvember 2016 en það er sú hækkun sem stefndi telur félagsmenn aðildarfélaga BSRB er starfa hjá ríkinu, þar á meðal félagsmenn stefnanda, eiga tilkall til. Aðal- og varakrafa stefnanda felur í sér ólíka útfærslu á rétti félagsmanna stefnanda til slíkrar hækkunar.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi einkum til þess að í framangreindum staflað samkomulagsins sé kveðið á um að opinberum starfsmönnum verði „tryggt það launaskrið“ sem verði á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinberum vinnumarkaði. Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda á þeim forsendum að rammasamkomulagið mæli ekki fyrir um að bera skuli launaþróun félagsmanna í einstökum aðildarfélögum heildarsamtakanna, sem stóðu að rammasamkomulaginu, saman við launaþróun á almennum vinnumarkaði, heldur skuli bera launaþróun þeirra fjögurra hópa starfsmanna hins opinbera, sem þar er vísað til, almennt saman við þróun launa félagsmanna aðildarfélaga ASÍ. Þá eigi stefnandi ekki aðild að rammasamkomulaginu eða samkomulagi um útfærslu launaþróunartryggingarinnar frá 21. desember 2017. Því telur stefndi að það sé ekki á forræði stefnanda að túlka inntak eða vilja samningsaðila á annan veg en ráða megir af orðalagi samkomulagsins og því sé stefnandi ekki réttur aðili að málsókn þessari.

Stefnandi og stefndi komust að samkomulagi 28. október 2015 um breytingu og framlengingu á gildandi kjarasamningi milli aðila þar sem vísað var til rammasamkomulagsins sem að framan greinir. Samkvæmt 6. gr. samkomulagsins frá 28. október 2015 skyldu ný forsenduákvæði samkvæmt staflað c og d í 2. tölulið rammasamkomulagsins koma í stað forsenduákvæða kjarasamningsins þegar ný forsenduákvæði yrðu tekin upp samkvæmt sömu ákvæðum rammasamkomulagsins. Enginn ágreiningur er um að skilyrðum rammasamkomulagsins fyrir nýjum forsenduákvæðum er fullnægt. Téð ákvæði rammasamkomulagsins urðu með því hluti af gildandi kjarasamningi aðila máls þessa.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 reka stéttarfélög mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi. Eins og að framan greinir ríkir ágreiningur um rétt félagsmanna stefnanda, er byggist á fyrrgreindum c-lið 2. töluliðar rammasamkomulagsins, sem varð hluti af gildandi kjarasamningi aðila þegar þar til greindum skilyrðum var fullnægt. Í því ljósi ber að leggja til

grundvallar að stefnandi sé réttur aðili að máli því sem hér er til úrlausnar þó að félagið hafi ekki átt beina aðild að gerð rammasamkomulagsins.

Eins og rakið er í samkomulagi um útfærslu launaþróunartryggingar frá 21. desember 2017 var tilgangur c-liðar 2. töluliðar rammasamkomulagsins að koma í veg fyrir að „opinberir starfsmenn sitji eftir í almennri launaþróun á samningstímanum og krefjist leiðréttingar við næstu samningsgerð af þeirri ástæðu“. Í samræmi við þennan tilgang var mælt fyrir um að árlega skyldi bera saman launaþróun fjögurra hópa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum, við launaþróun félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Ekki verður hins vegar fundin stoð fyrir því í gögnum málsins eða skýrslu sem gefin var fyrir dómi, að markmið hennar hafi verið að tryggja innbyrðis jafnvægi í launaþróun félagsmanna einstakra stéttarféлага sem aðild eiga að viðkomandi heildarsamtökum.

Í fyrrgreindu samkomulagi um útfærslu launaþróunartryggingar er sérstaklega vikið að þessu með þeim orðum að verði launaþróunin „í óhag einhvers hinna fjögurra hópa sem um ræðir skulu starfsmenn í þeim hópi fá launahækkanir til að jafna muninn“. Ekki er þar mælt fyrir um að ganga skuli lengra í þeirri viðleitni að jafna launamun viðkomandi hópa. Kröfur stefnanda sem að því miða fá samkvæmt framansögðu hvorki stoð í beinum ákvæðum rammasamkomulagsins, samkomulagi um útfærslu launaþróunartryggingar né tilgangi samningsákvæða um hana.

Eins og rakið hefur verið er í b-lið 2. töluliðar samkomulags um útfærslu launaþróunartryggingar gert ráð fyrir því að samningsaðilar útfæri sín á milli hvernig launaauka, sem kunni að koma til vegna launaþróunartryggingar, verði ráðstafað. Samkvæmt því var ekki útilokað að BSRB og stefndi gætu komist að samkomulagi um að úthluta 1,3% launaaukanum þannig að hann skiptist með ólíkum hætti milli aðildarféлага BSRB eftir því hvort og þá hversu mikið félagsmenn þeirra reyndust vera undir almennri launaþróun. Hafi samningsaðilar hins vegar ekki náð saman um slíka tilhögun verður stefndi ekki knúinn með dómi til þess að gangast undir hana af einu aðildarféлага BSRB. Ágreiningur um þessa röksemd stefnanda er hagsmunaágreiningur en ekki réttarágreiningur sem Félagsdómur getur skorið úr um með dómi.

Þar sem rammasamkomulagið og önnur gögn um launaþróunartryggingu samkvæmt c-lið 2. töluliðar þess samkomulags verða samkvæmt framansögðu ekki skýrð með þeim hætti að unnt sé að fallast á kröfugerð stefnanda um frekari launaauka ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands.
Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Ásmundur Helgason Guðni Á. Haraldsson

Sonja M. Hreiðarsdóttir Sonja Berndsen